

Reglugjörð

um

starfrækslu landssímasambanda á Islandi.

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

**Notkun
símanna.**

Allir geta fengið að nota símasambönd landsins. Þó hefir stjórnarráðið rjett til að láta hætta símskeytasendingum og símtölum um styttri eða lengri tíma á öllum línunum eða einstökum línunum, alveg eða að nokkru leyti, þegar það þykir nauðsynlegt vegna heilla landsins.

Símastjórnin hefir rjett til að hafna eða hamla sjerhverju einkaskeyti, sem kann að þykja hættulegt fyrir öryggi landsins, eða að efni til álizt koma í bága við landslög, almennar reglur og siðgæði. Um það hvort efni símskeytis er þess eðlis eða ekki, úrskurðar forstjórinn á sendistöð eða viðtökustöð; þó getur sendandi skotið máli sínu til yfirstjórnar símanna.

2. gr.

Starfsvæði.

Símskeyti má senda hvert þangað, sem ritsímalínur þær, er til eru, geta skilað skeytum, annaðhvort áleiðis eða alla leið. Símtöl geta menn átt við alla þá staði, sem hafa samband við talsíma landssjóðs.

3. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn á stöðvum öllum eru samkvæmt heiti, er þeir hafa unnið að viðlögðum drengskap sínum, skyldir til að halda leyndu fyrir öllum óviðriðnum efni símskeyta, hver þau sendir og hver þau fær.

Þar sem ekki er sjerstakur viðtalsklefi, getur símtalsbeiðandi krafizt þess, að öllum óviðriðnum sje vísað burt úr afgreiðslustofunni, meðan á símtali stendur.

Þegar talsímaskeyti eru afgreidd gegnum talsímamann, eru starfsmennirnir skyldir að sjá um, að enginn óviðriðinn heyri til.

4. gr.

**Bann gegn
ókeypissam-
böndum o. fl.**

Símastarfsmenn mega ekki nota eða láta aðra nota síma landsins til þess að koma fram ókeypissímskeytum eða símtölum, sem gjaldskyld eru eptir gildandi ákvæðum. Starfsmenn annast allar upphringingar, og er almenn-

ingi bannað að fást við tækin á stöðvunum fram yfir það, sem nauðsynlegt er til að nota þau til samtals.

149
29. des.

5. gr.

Símastjórnin ábyrgist ekki, að símskeyti komist alla leið fram, hvorki innan ákveðins tíma nje yfirleitt, og hún tekst heldur ekki á hendur neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef yfirsjónir eða óregla skyldi eiga sjer stað í meðferð, sendingu eða afgreiðslu símskeyta eða við notkun tal-símatækjanna.

Fyrirvari að því er ábyrgð snertir.

Símastjórnin tekur heldur ekki á sig neina ábyrgð á því, að efni skeyta eða samtals sje haldið leyndu.

6. gr.

Stöðvar skiptast í flokka og eru opnar á þessum tímum:

- Fyrsti flokkur:** Stöðvarnar eru opnar á virkum dögum frá kl. 8 f. h. til 9 e. h. Á sunnudögum og öðrum helgum dögum frá kl. 8—10 f. h. og 4—5 e. h.
- Annar flokkur:** Á virkum dögum frá kl. 9—12 f. h. og 4—7 e. h. Á sunnudögum og öðrum helgum dögum frá kl. 8—10 f. h. og 4—5 e. h.
- Þriðji flokkur:** Á virkum dögum frá kl. 9—10 f. h. og 4—5 e. h. Á sunnudögum og öðrum helgum dögum frá kl. 8—10 f. h. og 4—5 e. h.

Um símastöðvar og afgreiðslutíma.

Frá stöðvum í þriðja flokki má ennfremur á virkum dögum fá afgreidd hraðsímötöl kl. 12 og kl. 7.

Kveldið fyrir stórhátíðir allar verður stöðvunum lokað kl. 7. e. h.

Tíminn er talinn eptir ákvæðistíma Íslands, og er hann einni stundu síðar en í Greenwich.

II.

Um samning og afhending símskeyta og um skiptingu samtala.

7. gr.

Símskeyti skiptast að því er afgreiðslu þeirra snertir þannig:

1. Stjórnarsímskeyti og svar uppá þau.
2. Þjónustusímskeyti.
3. Einkasímskeyti, en þau eru aptur,
 - a. hraðskeyti eða
 - b. almenn símskeyti.

Flokkaskipting símskeyta og samtala.

149

29. des.

Stjórnarsimskeyti eru þau skeyti, sem send eru í embættisnafni frá stjórnarráðsskrifstofunum og embættismönnum hjer á landi.

Til þess að fá svar uppá stjórnarsimskeyti skoðað sem stjórnarsimskeyti verður að leggja fram stjórnarskeyti það, sem svarað er.

Þjónustusimskeyti eru þau skeyti, er snerta starfrækslu símanna, og ennfremur borguð þjónustuskeyti, sem eptir kröfu sendanda eða viðtakanda eru send stöðva á milli.

Símtöl greinast í:

1. Hraðsímtöl.
2. Almenn símtöl.

8. gr.

Eptir því hvernig símskeyti eru rituð aðgreinast þau í:

1. Skeyti á almennu máli og
2. Skeyti á launmáli.

Símskeyti á almennu máli eru þau, sem að efni til eru fullskiljanleg sendistöðinni. Þau mega vera rituð á þeim tungumálum, sem leyfð eru eptir alþjóðlegum reglum um skeytasendingar.

Skeyti á launmáli teljast:

- a. Skeyti á settu máli (þ: máli, er menn hafa komið sjer saman um að nota). Hvort sem orðin eru rjettmæli eða tilbúin orð, skulu þau vera mynduð af samstöfum, sem hægt er að bera fram eptir islenzkri, danskri, þýzkri, enskri, spænskri, franskri, hol-lenzkri, ítalskri, portúgalskri eða latneskri málsvenju.
- b. Merkjaskyrti, er skráð eru,
 1. með venjulegum tölustöfum eða með samsetning eða röð venjulegra tölustafa, er hafa leynda merkingu í sjer fölgna, eða með bókstöfum eða bókstafasamböndum, sem hafa leynda merkingu;
 2. með orðum, nöfnum, orðatiltækjum eða bókstafasamböndum, sem ekki verða talin almennt mál eða sett mál.

Að öðru leyti gilda þau ákvæði, sem sett eru í hinni alþjóðlegu símskeytareglugjörð um slik símskeyti.

9. gr.

Frumrit símskeytis verður að vera greinilega skrifað, svo að enginn vafi geti verið um þýðingu merkjanna. Engin önnur merki má nota en þau, sem hægt er að tákna með ritsimastafrofinu.

Ef viðbót, tilvisun, útstrykun eða lagfæring hefir verið gjörð, má heimta, að sendandi skeytis, eða sá sem hans vegna afhendir það, kannist við það skriflega, að þetta sje af honum gjört.

Flokkun sim-
skeyta eptir því
hvernig þau
eru rituð.

Almennar regl-
ur um samn-
ingu skeyta.

10. gr.

Nafnkveðjan skal standa fremst á undan meginmálinu, og skal innihalda öll þau atriði, sem eru nauðsynleg til þess að tryggja skil á skeytinu; hún verður að vera svo samín, að skeytið verði afhent viðtakanda án misgripa, eptirgrennslana eða fyrirspurna.

Eigi viðtakandi heima í stórbæ, skal auk nafns tilgreina götunafn og hústölu, eða þá að minnsta kosti stöðu viðtakanda eða önnur einkenni. Jafnvel í smábæjum skal auk nafns viðtakanda setja þau nánari einkenni, er fyrirbyggja misgrip og geta verið til leiðbeiningar fyrir viðtökustöð, ef nafnið skyldi afbakast í meðförum. Þó að símskeyti sjeu ekki þannig úr garði gjörð að því er nafnkveðju snertir, skal eigi að síður afgreiða þau áfram.

Stytta eða setta nafnkveðju má nota, ef viðtakandi hefir í því efni komið sjer saman við viðtökustöðina. Fyrir að skrásetja slíka nafnkveðju og fyrir leyfi til að nota hana skal greiða fyrirfram 12 krónur fyrir hvert almanaksár eða 3 krónur fyrir hvern ársfjórðung. Leyfi þetta fellur niður, ef samningur er ekki endurnýjaður innan þess tímabils, sem gjald er greitt fyrir.

Símskeyti má senda til símastöðvar til geymslu (Telegraf restante) eða til pósthúss (Post restante).

Sendandi símskeytis ber allajafna ábyrgð á því sem af því kann að leiða, að nafnkveðjan er ófullkomin eða ónákvæm.

11. gr.

Sjerstakar forsagnir um afhendingu til viðtakanda, svo sem hvort skeyti skuli afhent honum sjálfum eða afhent opið, eða lútandi að því, hvort skeytið skuli sent sem hraðskeyti eða blaðaskeyti, svo og forsagnir snertandi fyrirfram borgað svar, viðtökuskirteini, samanburð, eptirsending, útsending o. s. frv., verður sendandi að tilgreina á undan nafnkveðjunni. Í þessu skyni skal nota þær táknanir eða þær skammstafanir, sem nú skal greina. Skulu þær settar milli tveggja tvöfaldra tengistryka og borgun greidd fyrir þær sem eitt orð.*)

Nánari
ákvarðanir.

Afhendist viðtakanda sjálfum: Sjálfum eða MP.

Afhendist opið: Opið eða RO.

Einkahraðskeyti: Hraðskeyti eða D.

Svar borgað: Svar × borgað eða RP×.

Svar með hraðskeyti borgað: Hraðsvar × borgað eða RPD×.

Blaðaskeyti: Z.

Hraðblaðaskeyti: ZD.

Samanburður borgaður: Samanburður eða TC.

*) Fyrir × kemur orðafjöldinn.

149

29. des.

Viðtökuskirteini er borgað: Viðtökuskirteini eða PC.
 Hraðviðtökuskirteini borgað: Hraðviðtökuskirteini eða PCD.
 Óskast eptirsent: Eptirsent eða FS.
 Útsending borguð: XP.
 Geymist á símastöð: TR.
 Geymist á pósthúsi: GP.
 × nafnkveðjur: TM×.

Í símskeytum með mörgum nafnkveðjum verður að setja ofannefndar ákvarðanir fyrir framan sjerhverja nafnkveðju, nema þegar um hraðskeyti og samanburð er að ræða.

Símskeyti, sem á er ritað »útsending borguð« eða = XP =, er síma-
 stjórnin því aðeins skyld að veita viðtöku, að í raun og veru þurfi símrítun
 áfram til þess að koma því áleiðis.

12. gr.

Eptirlit með og
 staðfesting á,
 að sendandi sja
 sá sem hann
 segist vera.

Sendandi er skyldur að sanna hver hann sje, ef þess er krafizt á
 sendistöðinni.

Hann hefir hinsvegar rjett til að fá undirskript sína á símskeytinu
 staðfesta, þá er hann hefir nægilega sannað undirskriptina. Til þess að slík
 staðfesting verði gjörð af símaþjóni, er það nauðsynlegt að símaþjónninn
 þekki sendanda, og að hann mæti sjálfur á stöðinni.

13. gr.

Um viðtöku
 skeyta á sendi-
 stöð.

Símskeytum skal skilað á sjálfum símastöðvunum. Þær símastöðvar,
 sem hafa talsímasamband við sjerstæð heimilissímakerfi, veita þó viðtöku
 símskeytum, sem send eru með málþræði frá föstum talsímanotendum í kerf-
 inu. Krefjast má að símskeyti, sem þannig eru send með talþræði, sjeu
 annaðhvort á íslenzku eða dönsku; sje símskeytið meira en 100 orð, getur
 símastöðin krafizt þess, að það sje afhent skriflega.

Fyrir viðtöku símskeyta með talþræði, skal greiða 20 aura fyrir
 hvert skeyti.

Sending skeytis með talþræði er að öllu leyti á ábyrgð sendanda.

Loks má senda símskeyti með póstum, þó þannig að full borgun
 fylgi með, sjá 21. gr.

14. gr.

Beiðni um
 símtöl.

Þá er beið er um almenn símtöl eða hraðsímtöl við símkerfismenn,
 skal tilgreina manninn með nafni hans og skráttölu.

Ef óskað er eptir að fá tiltekinn mann sóttan til almenns símtals,
 skal fara með eins og segir í 27. gr.

15. gr.

Þegar ástæða er til þess að óttast, að verulegur dráttur verði á sending símskeyta, skal gjöra sendanda aðvart um það. Óski hann eigi að síður að það sje sent, skal ritað á það, að það sje sent eptir ósk hans.

**Ef dráttur er
fyrirsjáanlegur
á afgreiðslu
skeyta.**

III.

Hvernig reikna skal gjöldin.

16. gr.

Fyrir stjórnarsímskeyti og almenn einkaskeyti, sem afhent eru á sendistöð á venjulegum afgreiðslutíma, skal greiða 10 auro fyrir hvert orð, þó þannig að lægsta gjald fyrir hvert símskeyti sje 1 króna.

Sama gjald skal greiða fyrir borguð þjónustuskeyti.

Gjöld, sem krafín verða fyrir einhverjar sjerstakar aðgjörðir og afbrigðileg símskeyti, verða tilgreind hjer síðar.

Borgun fyrir símasamtöl greiðist fyrir 3 mínútur í einu; hversu lítið sem líður fram yfir þær, er talið sem nýtt 3 mínútna bil. Tímínn er talínn frá því augnablíki er samband millí beggja viðtalenda kemst á, eða frá því er sá, sem samtals er beiðzt við, hefir svarað, og þangað til merki er gefið um að samtalið sje á enda af öðrum hvorum símtalenda, eða þangað til sambandinu er slitið af landssímastöðinni. Lengra samtál en í 6 mínútur er því aðeins leyft, að engínn hafí þá beiðzt viðtals. Innsveitissamtöl verða að víkja fyrir langsímasamtölum.

Gjaldið skal greitt, hver sem það svo er, sem svarað hefir hjá þeim, sem hringdur er upp, nema kvaðningar sje sjerstaklega beiðzt (sjá 28. gr.).

Skorist sá maður, sem upp er hringdur, undan samtali, skal þó greiða gjald fyrir eitt viðtalsbil.

Gjöldin fyrir þriggja mínútna viðtalsbil eru tilgreind í gjaldskrá þeirri, sem landsstjórnin gefur út og fest er upp á hverri landssímastöð.

Fyrir skrifuð talsímaskeyti skal greiða hið sama og fyrir símskeyti.

17. gr.

Til þess að ákveða hve mörg orð eru í símskeyti, skal þeim reglum fylgt, er nú greinir:

- a. Allt það, er sendandi rítar í símskeyti í þeim tilgangi að það sje símrítuð og komist til viðtakanda, er talið með þegar gjaldið skal reiknað, nema aðgreiningarmerki, samtengingarmerki, úrfellingarmerki og merki um nýja línu.

**Gjöld
ínnan lands.**

**Talning
orðanna.**

Ef aðgreiningarmerki koma fyrir í röðum, teljast þau gjaldskyld sem talnaraðir (sjá lið i).

- b. Þau orð, tölur og tilvísanir, sem starfsmenn á stöðinni færa inn í skeytið efst og fremst í því þjónustunnar vegna, eru ekki talin með.
- c. Tölumerki skeytisins, nafn sendistöðvar, dagsstund og mínúta, er það er afhent, skal ritað þjónustunnar vegna á skeyti það, sem afhent er viðtakanda.

Sendandi má sjálfur tilgreina þetta sama alveg, eða að nokkru leyti í meginmáli skeytisins, en þá er það talið til borgunar með öðrum orðum skeytisins.

- d. Í símskeytum, sem rituð eru á almennu máli, mega í engu orði vera fleiri bókstafir en 15 eptir Morse-stafrofinu; sjeu fleiri stafir í orði, reiknast það sem umfram er allt að 15 stöfum, sem eitt orð.
- e. Í símskeytum, sem eru rituð á settu máli, má ekkert orð vera lengra en 10 bókstafir.

Í orðum á almennu máli, sem rituð eru í símskeyti og samsett eru af almennu máli og settu máli, eru allt að 10 bókstafir taldir í orði, en það sem fram yfir er allt að 10 stöfum eitt orð. Innihaldi slíkt blandað skeyti auk þess efni ritað á launmáli, skal greiða fyrir það eins og segir í lið i.

Ef blandað símskeyti einungis hefir inni að halda meginmál á almennu máli og launmáli, er gjaldið fyrir hið fyrra talið eins og segir í lið i.

- f. Sem eitt orð er talið:

Hvert einstakt merki, stafur eða tala, stryk undir einu eða fleirum orðum, svigar og tilvísunarmerki.

Í nafnkveðjunni er nafn viðtökustöðvar talið eitt orð án tillits til stafa eða orðafjölda.

- g. Orðmyndanir, sem bundnar eru saman með samtengingarmerkjum, eru taldar jafnmörg orð sem orð þau, er þær eru samsettar af. Orð, sem eru aðgreind með úrfellingarmerki, eru talin hvert fyrir sig sem eitt orð.
- h. Það er ekki leyfilegt að viðhafa orðaafbakanir, skammstafanir eða orðasambönd, sem eru gagnstæð málvenju.

Þó má sameina í eitt orð án úrfellingar eða samtengingar: Nöfn á bæjum og löndum, ættarnöfn eins og sama manns, nöfn á stöðum, torgum, strætum og götum, og önnur einkenni á opinberum vegum, skipanöfn, heilar tölur, brot og tugabrot, rituð með bókstöfum, og samsett orð, sem eru venjuleg eptir enskri og franskri málvenju, en hvort svo er má sanna ef þörf gjörist með því að leggja fram orðabók.

- i. Tölur, ritaðar með tölustöfum, eru taldar eins mörg orð og þar eru mörgum sinnum fimm tölustafir, að viðbættu einu orði fyrir þá tölustafi, sem fram yfir eru. Þetta á einnig við, þegar reikna skal gjald af bókstafaröðum í stjórnarsímskeytum, og af bókstafa- og talnaröðum, sem notuð eru sem verzlunarteikn eða í merkjasímskeytum.
- k. Punktur og kommur, sem notaðar eru til þess að mynda tölur, og ennfremur tengingar og brotastryk, eru talin sem ein tala.
- l. Þeir bókstafir, sem bætt er við tölur til þess að tákna þær sem raðar-tölur, eru hver um sig taldir sem ein tala.
- m. Þegar einkasímskeyti inniheldur óleyfilegar stafaraðir eða orð, sem ekki eru til í málum þeim, sem nota má, þá eru slíkar raðir eða orð taldar eins og segir í lió i.

149
29. des.

18. gr.

Ef ágreiningur verður um orðafjölda milli sendanda og sendistöðvar, verður sendandi að sætta sig við ákvörðun stöðvarinnar í bráð, en getur skotið máli sínu til símastjóra.

**Ágreiningur um
orðafjölda.**

Ef sendandi neitar að breyta rangmynduðum orðasamböndum eða afbökunum, þá teljast þau til gjalds eftir þeim orðafjölda, sem þau hefðu haft inni að halda, ef þau hefðu verið rituð samkvæmt málsvenju, eða sem bókstafaraðir (17. gr., liður i).

IV.

Innheimta gjaldanna.

19. gr.

Að undanteknum gjöldum þeim, er ræðir um hjer síðar fyrir eftir-sendingu símskeyta, skulu öll skeytagjöld venjulegast greidd jafnótt og skeyti eru afhent til sendingar, þó geta sendendur fengið gjaldfrest, ef þeir hafa afhent hæfilegt geymslufje til tryggingar.

**Greiðsla
gjaldanna.**

Á gjöldum fyrir símtöl og fyrir símskeyti, sem send eru með tal-þræði, verður gjaldfrestur veittur þeim, sem er fastur handhafi símtækis þess, sem notað er, allt að 10 krónum, enda ber hann gaguvart símastjórn-inni ábyrgð á gjaldinu. Hærri upphæð en 10 krónur verður eigi lánuð, nema trygging sje sett.

Þegar skeytagjöld eru ekki borguð þegar í stað, skal sendandi greiða 5 auru fyrir hvert skeyti, án tillits til orðafjölda, fyrir að innheimta gjöldin.

Ef það kemur fyrir í nafnkveðju, að saman sje dregið fornafn eða upphafsstafir fornafns við ættarnafn, eða nöfn hluthafa í firmanafni dregin

149
29. des.

saman eða nafnkveðja afbökun á annan hátt, án þess það sje gjört eptir samkomulagi við viðtökustöð, þá hefir símastjórnin rjett til þess að heimta inn hjá viðtakanda hið lögskipaða gjald fyrir hvert það orð, sem orðafjöldinn á þann hátt hefir minnkað við afhendinguna á sendistöð.

Gjöld fyrir þau skeyti, sem send eru með talþræði, og gjöld fyrir símtöl frá talfærum fastra notanda, innheimtir símastjórnin hjá notanda. Verði tregða á því að borga áfallin gjöld fyrir skeytasendingar, þá er þeirra er krafizt, má neita honum um að nota sambönd landssímans, þangað til hann borgar skuld sína.

20. gr.

Um kvittanir.

Sendandi símskeytis getur krafizt kvittunar fyrir viðtöku þess, að því tilgreindu, hve mikið hann hafi borgað fyrir það. Þegar slík viðurkenning er gefin á lausum eyðublöðum, skal greiða 5 aura fyrir hvert símskeyti, jafnvel þótt viðurkenning sje gefin fyrir mörgum skeytum á sama eyðublaði.

Viðurkenning veitist ókeypís, ef hún er rituð í bækur, er fást hjá símastjórninni fyrir 1 krónu; í bók þessa skal sendandi tilfæra dag, viðtökustöð svo og nafn viðtakanda, en símastarismenn bæta einungis við afhendingartölu og upphæð borgunar þeirrar, er greidd er.

21. gr.

Notkun póstfrimerkja.

Fyrir símskeyti, sem eru send til stöðvanna með pósti, má greiða gjaldið með innlendum póstfrimerkjum. Sje kvittunar óskað fyrir slík símskeyti verður auk kvittunargjaldsins, 5 aura, að fylgja burðareyri, 10 aurar, fyrir sendingu kvittunarinnar.

Sjeu frimerki þau, sem send eru með símskeyti, ónóg til greiðslu gjaldsins, verða bæði skeytið og frimerkin, að frádregnu burðargjaldi, send aptur í borguðu brjefi, nema því að eins að sendandi sje svo þekktur á stöðinni, að stöðvarstjóri þar áliti, að óhætt sje að lána honum hinn vantandi burðareyri, og sendir hann þá símskeytið. Þegar skeyti er endursent, skal skrifa á það fullnægjandi áritun um ástæðuna.

Ef frimerkin eru verðhærri en með þarf, verður afgangurinn endursendur sendanda í borguðu brjefi að frádregnum burðareyri. Ef afgangurinn hrekkur einungis til burðareyris og kvittunargjalds, skal kvittun send fyrir móttöku skeytisins.

22. gr.

Innheimta hjá viðtakanda.

Ef svo stendur á, að heimta skal gjald við móttöku símskeytis, verður það aðeins afhent viðtakanda gegn greiðslu þess gjalds.

23. gr.

Ef oflitið gjald hefir verið tekið af vangá, eða ef gjald, sem greiðast á af viðtakanda, ekki fæst, annaðhvort af því að hann neitar að borga það, eða hann spyrst ekki uppi, skal sendandi greiða gjald það, er á vantar.

Sje hinsvegar af vangá of mikið gjald tekið, skal það endurgoldið hlutaðeiganda.

149
29. des.

**Eptirborgun og
endurborgun.**

V.

Afgreiðsla símskeyta og símtala.

24. gr.

Símskeyti og símtöl skulu afgreidd eptir því í hvaða flokki þau eru, samkvæmt ákvæðum 7. greinar.

Að öðru leyti verða símskeyti og símtöl afgreidd í þeirri röð sem þau eru afhent og þeirra beiðzt.

Ef margir biðja um símtöl í einu eða eptir leiðslum, sem eru mjög notaðar, verður samtalsbeiðanda skýrt frá því, að svo miklu leyti, sem unnt er, hvenær símtalið í fyrsta lagi geti byrjað.

Við afgreiðslu hraðsímtala, sem beiðzt er á ákveðnum tíma, verður samtalsbeiðanda skýrt frá því í talþræði, ef ekki getur orðið úr símtalinu, eða breyta verður samtalsstíma þeim, sem hann hefir óskað, og er þá tilgreint, hvenær líklegt sje, að símtal geti fyrst byrjað. Þegar samtalsbeiðandi hefir samþykkt breytinguna, skal hinum viðtalanda gjört nægilega aðvart um það.

**Í hvaða röð þau
skuli afgreidd.**

25. gr.

Starfsmenn á simastöðvum skulu láta sjer einkar annt um að beita hinni mestu nákvæmni, er þeir senda eða taka við símskeytum, hvort heldur er gegnum ritsímann eða með talsímatakjum. Þau símskeyti, sem send eru með talsíma, skal endurtaka á viðtökustöð í heild sinni, orðafjöldann skal telja, og ef vafasamt orð kemur fyrir, skal nota nafnaskrána til frekari fullvissu.

**Um nákvæmni
í afgreiðslu.**

26. gr.

Ef slit verða á símanum, sendir sú stöð, sem ekki getur afgreitt símskeyti áfram, þau þegar í stað með pósti, ef póstferð fellur, er fljótlegra er að senda með heldur en biða viðgjörðar á símanum, annaðhvort til viðtakanda, honum að kostnaðarlausu, eða til viðtökustöðvar, eða til næstu

Slit.

149

29. des

stöðvar, sem getur sent skeytin áfram. Brjef, sem innihalda símskeyti, skulu hafa áritun um að svo sje.

Þegar símskeyti er sent með pósti beina leið til viðtakanda, skal jafnframt gefin vísbending um slitið.

Jafnskjótt og búíð er að bæta sambandsleiðslurnar, skal síma skeytið aptur, nema sönnun sje fyrir því, að það sje komið til viðtakanda eða hrúgast hafi svo mikið fyrir af símskeytum, að það mundi hindra afgreiðslu þeirra tilfinnanlega, að endurtaka gömlu skeytin.

27. gr.

**Apturköllun
skeyta.**

Hver og einn, sem afhent hefir skeyti til sendingar, eða sannar, að hann sje sendandi skeytis, getur krafzt, að skeytið verði ekki afgreitt, ef það er eigi þegar gjört.

Þegar sendandi þannig stöðvar sendingu skeytisins áður en farið er að síma það, skal endurgjalda honum skeytagjaldið, að frádregnum 25 aurum í innritunargjald.

Ef búíð er að síma skeytið, getur sendandi heimtað það ónýtt með þjónustutilkynningu, sem greiða skal venjulegt gjald fyrir. Ef búíð er að afhenda viðtakanda það, skal skýra honum frá ónýtingu skeytisins, nema þjónustutilkynningin kveði öðru vísi á. Sendandi borgar einnig svarið, ef hann óskar að fá símatilkynningu um það, hvort krafa hans hefir haft framgang.

28. gr.

**Kvaðning til
símtals.**

Fyrir að kveðja mann til símtals með boðbera skal greiða 25 aura, ef sá sem kvaddur er, á heima innan umburðarsvæðis, (sjá 30. gr.); búí hann utan þessa svæðis, koma ákvæðin um hraðburð símskeyta til greina (sjá 35. gr.).

Sje þess óskað, að einhver viss maður sje tilkvaddur í talsíma, kostar það einnig 25 aura.

Beiðni um símtal við einhvern tiltekinn mann fæst ekki framgengt nema með boðbera eða kvaðningu.

29. gr.

Um viðtalslok.

Þegar viðtalsbili er lokið, er skýrt frá því, nema annars hafi verið beiðzt, áður en símtal hófst. Sambandinu verður slitið, þegar 2 viðtalsbil eru á enda, ef aðrar samtalsbeiðnir liggja fyrir.

VI.

Umburður simskeyta.

149

29. des.

30. gr.

Almennt eru stöðvarnar skyldar til þess, sendanda og viðtakanda að kostnaðarlausu, að annast umburð skeyta í bæjum innan takmarka bæjarins og í sveitum á svæði, sem ekki er lengra en 1 km. frá stöðinni eptir færur vegi að telja.

**Umburðar-
svæði.**

31. gr.

Simskeyti skulu færð viðtakanda tafarlaust, ef unnt er, og í þeirri röð, sem þau koma. Stjórnarskeyti, borguð þjónustuskeyti og hraðsimsaskeyti ganga þó einnig fyrir að þessu leyti.

**Hvenær skeyti
skulu umborin.**

Venjulega eru skeyti ekki borin út á næturþeli frá kl. 10 að kveldi til kl. 8 morguninn eptir.

32. gr.

Simskeyti má án frekara gjalds afgreiða til viðtakanda í gegnum talsíma, ef hann er fastur notandi, og sú stöðin hefir samband við talsíma-kerfið á staðnum. Ef viðtakandi óskar, að skeyti til hans sjeu þannig afgreidd, verður hann að senda skriflega beiðni um það til símastöðvarinnar.

**Talsíma-
afgreiðsla.**

Ef viðtakandi óskar þess, verða slík skeyti síðar við tækifæri send rituð með boði eða pósti, viðtakanda að kostnaðarlausu. Aftur á móti skal greiða 25 aura gjald fyrir hvert skeyti, sem heimtað er sent þegar í stað á venjulegan hátt jafnhliða og það er sent í talsímanum eða þegar á eptir.

33. gr.

Simskeyti, sem eiga að fara til farþega á skipum, sem væntanlega eru á höfn, skulu ef unnt er afhent þeim, áður en þeir fara í land.

**Skeytaburður
til skipa.**

Simskeyti, sem eiga að fara til skipa, sem ekki liggja við hafnarvirki, verða að svo miklu leyti sem unnt er afgreidd þannig, að viðtakandi greiði kostnaðinn.

34. gr.

Viðtakendur geta krafizt, að skeyti verði á vissum tímum afgreidd til þeirra með boðbera eða málþræði á aðra staði en venjulegan viðtökustað eða annan en þann, er kveðjan tiltekur gegn því, að fyrirfram sje greiddar 12 krónur fyrir hvert almanaksár, eða 3 kr. um ársfjórðung hvern, fyrir hvern nafnkveðjustað og fyrir hvert talsímanúmer, sem notað er fram yfir eitt.

**Fleiri en einn
nafnkveðjustaður**

VII.

Sending út fyrir umburðarsvæði.

35. gr.

Hraðburður.

Fyrir sendingu símskeyta með sendiboða út fyrir umburðarsvæðið skal sendandi greiða 25 aura fyrir hvern km. frá viðtökustöð. Þegar slíkar sendingar er óskað, skal fyrir framan kveðjuna rita »Hraðb.« eða =XP = og er það talið með gjaldskyldum orðum.

Ekki verða símskeyti á þennan hátt send út lengra en 50 km. frá viðtökustöð.

Fjarlægðin telst eptir þeim mælingum, sem símastjórn hefir látið fram fara á vegum.

36. gr.

**Sending með
póstum.**

Ef sendandi óskar, má fá símskeyti send áfram frá viðtökustöð með póstum, og skal sendandi greiða fyrir það 10 aura. Skeytið skal útbúið með gjaldskyldri áritun, »Póst«, fyrir framan nafn viðtakanda. Ef þess er óskað, að símskeytið sje sent í handseldu brjefi, skal áritunin vera = PR = og er borgun fyrir það 26 aurar.

Ef ekki er tilgreint í símskeyti, hvernig það skuli sent áfram, er viðtökustöð heimilt, að senda það með póstum óborgað.

VIII.

Afhending símskeyta.

37. gr.

**Afhending á
bústaðnum.**

Þegar símskeyti hefir verið fært og er komið á heimili viðtakanda, má afhenda það annaðhvort viðtakanda sjálfum eða fullorðnum manni af skylduliði hans, leigusala hans eða leigutaka eða dyraverði gestgjafahúss eða hússins, nema viðtakandi hafi áður skriflega bent á vissan mann, sem hefði heimild til þess að veita því viðtöku, eða sendandi með athugasemd fyrir framan nafnkveðjuna hefir heimtað, að símskeytið einungis skuli afhent viðtakanda sjálfum.

Símskeytið skal afhent lokað, nema sendandi hafi með athugasemd fyrir framan nafnkveðjuna heimtað, að það verði afhent opið.

Krafa um afhendingu í sjálfs hendur eða opna afhendingu skal endurtekin á viðtökustöð utan á símskeyti, og gefur hún boðbera fyrirmæli um, hvað hann skuli gjöra.

38. gr.

Ef ekki er hægt að koma símskeyti til viðtakanda eða afhenda það annaðhvort sökum þess, að viðtakandi er óþekktur eða farinn burt, eða af því nafnkveðjan er ófullkomin og getur valdið misgripum, eða af því að viðtakandi vill ekki borga gjöld, sem hann er krafinn um, eða af öðrum ástæðum, þá sendir viðtökustöð sendistöð þjónustusímskeyti um það. Sendistöð rannsakar þá, hvort nafnkveðjan er rjett tilfærð, og lagfærir hana þegar í stað, ef hún er afbökud. Ef þetta er eigi svo, er tilkynningin afgreidd til sendanda, ef það er hægt, og getur hann þá látið lagfæra kveðjuna eins og með þarf með borguðu þjónustusímskeyti.

149

29. des.

Ef afhending er ómöguleg.

39. gr.

Þegar símskeyti ber áritunina »Post restante« eða »geymist á pósthúsi«, skal það þegar í stað sent frá símastöð til pósthússins án útgjalda fyrir sendanda eða viðtakanda.

Geymt í pósthúsi.

40. gr.

Þegar símskeyti bera áritunina »Telegraf restante«, eða »geymist á símastöð«, skal það einungis afhent viðtakanda eða umbodsmanni hans, er hann vitjar þess, og má ef þurfa þykir heimta sannanir fyrir umboði.

Geymist á símastöð.

41. gr.

Ef símskeyti hefir ekki orðið afhent viðtakanda í 6 vikur, skal það ónýttast.

Um óafhent símskeyti.

IX.

Sjerstök símskeyti og símtöl.

42. gr.

Sjerhver sendandi getur fengið símskeyti sin send og færð viðtakanda á undan öðrum einkasímskeytum, með því að rita »hraðsímaskeyti« eða = D = fyrir framan nafnkveðjuna.

Hraðsímaskeyti.

Gjald fyrir hraðsímaskeyti er þrefalt hærra en fyrir almenn símskeyti með sama orðafjölda.

43. gr.

Fyrir hraðsímtöl, en það eru þau símtöl, sem ganga fyrir almennum símtölum, skal gjalda þrefalt hærra gjald en fyrir almenn símtöl.

Hraðsímtöl.

149
29. des.

Hraðsímtil verða afgreidd til tiltekings viðtalstækis eða til ákveðins manns, annaðhvort svo fljótt sem unnt er eptir kvaðningu mannsins, eða svo fljótt sem unnt er eptir þann tíma, er beiðandi hefir tiltekið.

44. gr.

**Fyrirfram
borgað svar.**

Sjerhver sendandi getur greitt fyrirfram gjald fyrir svar upp á símskeyti sitt. Ef svarið skal sent aptur með venjulegu símskeyti, er það gefið til kynna með því að rita fyrir framan nafnkveðjuna »Svar borgað« eða = RP = ásamt orðafjölda þeim, sem gjald er greitt fyrir; t. a. m. »Svar 15 borgað«, eða = RP 15 = þýðir borgað fyrir 15 orða svarskeyti.

Ef sendandi vill borga fyrir hraðsvar til baka, gefur hann það til kynna með svolátandi áritun »Hraðsvar × borgað« eða = RPD × =, og greiðir um leið gjaldið.

Viðtökustöð gefur viðtakanda skirteini um, að hann hafi rjett til gegn afhendingu skirteinisins, að fá sent kostnaðarlaust, 6 vikur frá dagsetningu skirteinisins, símskeyti frá hvaða landssímastöð eða landsviðtalsstöð sem er og til hvers staðar, er hann vill, ef skeytagjaldið er ekki hærra en gjald það, sem skirteinið hljóðar um, að öðrum kosti greiðir hann mismuninn.

Kosti svarsímskeytið minna, en skirteinið hljóðar um, og þessi mismunur er að minnsta kosti 50 aurar, getur frumsendandi fengið mismuninn endurgoldinn, ef hann óskar þess.

Ef viðtakandi af einhverjum ástæðum ekki hefir notað skirteinið, eða hefir neitað að taka við því, má endurgreiða gjaldið, þegar svo stendur á, sem segir í 54. gr.

Ef símskeytið hefir ekki orðið afhent, og viðtökustöð hefir farið eptir fyrir mælum 38. gr., skal svarskirteinið ásamt símskeytinu geymast. Að 6 vikum liðnum á endurgreiðsla sjer stað eptir fyrir mælum 54. gr.

45. gr.

Samanburður.

Sendandi símskeytis getur heimitað, að það sje borið saman milli allra þeirra stöðva, sem endurtaka símritunina. Þegar svona stendur á, skal rita »Samanburður« eða = TC = fyrir framan kveðjuna.

Borgun fyrir samanburð er fjórði hluti af gjaldinu fyrir almennt símskeyti með sama orðafjölda, og er þá miðað við þann orðafjölda, er 5 ganga upp í, eða sem næst því.

Samanburður fer fram þegar eptir móttöku símskeytis, og er fölginn í því, að allt símskeytið með kveðjunni er endurtekið.

Öll stjórnarsímskeyti á dulmáli eru borin saman ókeypiss, þótt samanburðar sje eigi krafizt.

46. gr.

Sendandi símskeytis getur með því að rita á það = PC = eða = PCD = fyrir framan kveðjuna krafizt þess, að jafnskjótt og símskeyti eða hraðsímaskeyti er afhent viðtakanda, sje honum skýrt frá, á hvaða tíma símskeytið er afhent viðtakanda eða þeim, er hans vegna veitir því viðtöku.

Viðtökuskirteini fyrir stjórnarsímskeytum hafa sama forgangsrjett til afgreiðslu sem stjórnarsímskeyti; en önnur viðtökuskirteini eptir þeim flokki, sem þau teljast til.

Þegar ekki er hægt að afhenda símskeyti með borguðu viðtökuskirteini, er það með þjónustuskeyti tilkynnt þegar í stað (38. gr.). Ef símskeytið síðar verður afhent innan þess 6 vikna frests, sem skeytin geta legið, er viðtökuskirteinið sent undireins og símskeytið er afhent; að öðrum kosti verður gjald það, sem greitt var fyrir viðtökuskirteinið, endurgoldið sendanda, ef hann krefst þess.

Ef símskeytið á að halda áfram með pósti, er viðtökuskirteinið sent jafnskjótt og símskeytið hefir verið afhent á pósthúsið.

Sendandi getur heimtað, að viðtökuskirteini sje sent honum til annars staðar en þess, sem símskeytið er sent frá, en þá verður hann að tilgreina nægilega fyrirfram nafnkveðjuna.

Gjald fyrir viðtökuskirteini er hið sama og fyrir almennt símskeyti, sem inniheldur 10 orð. Fyrir hraðviðtökuskirteini skal borga þrefalt hærra gjald en nú var tilgreint.

47. gr.

Sendandi símskeytis getur með því að skrifa = FS = fyrir framan nafnkveðjuna heimtað, að skeyti verði eptirsent. Eptirsending.

Þegar skeytið hefir eingöngu þessa áteiknun, og viðtakandi ekki spyrst uppi á staðnum, skal viðtökustöðin svo fljótt sem unnt er afgreiða það þangað, sem til er sagt, á bústað viðtakanda. Frjettist þar ekkert um, hvar viðtakandi þá sje, skal símskeytið geymt á stöðinni. Þegar símskeytið er sent áfram, og næsta viðtökustöð finnur ekki viðtakanda eptir því sem þá var tilgreint, skal skeytið geymt á þeirri stöð.

Nú fylgir athugasemdinni = FS = tilvísun um fleiri dvalarstaði, er leita skuli hvers á eptir öðrum, og er þá símskeytið sent samkvæmt þessu, þangað til það verður afhent viðtakanda; verði það ekki hægt á þeirri viðtökustöð, sem síðast er nefnd, verður skeytið geymt þar.

Í nafnkveðjunni skal stryka út þá dvalarstaði, sem þegar hefir leit að verið með skeytið, en nöfnum viðtökustöðva þeirra, sem það hefir farið um, skal einungis haldið.

Sendandi frumskeytis borgar jafnframt afhendingu einungis gjald fyrir fyrirgreiðslu á fyrsta svæðinu; allar heimilistilvísanir teljast með í orðafjöldanum. Gjald fyrir eptirsending er krafíð af viðtakanda; það er

149
29. des.

talið eptir þeim orðafjölda, sem eru símrítuð við hverja eptirsendingu. Vilji viðtakandi ekki greiða gjaldið, er sendandi frumskeytis skyldur að borga það.

Með skriflegri beiðni til símastöðvar og með því að inna af hendi nægileg sönnunargögn getur hver og einn krafizt þess, að símskeyti þau, sem hann fær, verði honum eptirsent til þeirra staða, er hann gefur upp, gegn því að hann borgi eptirsendingargjaldið.

Sá sem samkvæmt reglugjörð þessari hefir heimild til að taka á móti símskeyti viðtakanda vegna, getur sömuleiðis með skriflegri beiðni til viðtökustöðvar heimtað, að símskeyti verði eptirsent til viðtakanda, gegn því að hann takist á hendur sömu skuldbindingu sem sendandi, er heimtar að símskeyti sitt sje eptirsent.

48. gr.

**Símskeyti með
mörgum kveðju-
um.**

Símskeyti má stýla til margra viðtakanda á einum og sama stað, svo og til sama viðtakanda með fleiri en einu heimili á sama stað. Í slíkum símskeytum er nóg að tilfæra viðtökustaðinn einu sinni, en fyrir framan nafnkveðjuna skal rita = TM = og þá tölu, er sýnir kveðju- eða bústaðafjölda.

Fyrir slík símskeyti skal greiða einsog fyrir eitt einstakt símskeyti, en fyrir símskeyti, sem ekki er meira en 100 orð, skal greiða svo mörgum sinnum endurritsgjald, sem afhendingarstaðir eru, að frádregnum einum.

Endurritsgjald er 25 aurar fyrir almenn símskeyti og 75 aurar fyrir hraðsímskeyti. Ef símskeytið er yfir 100 orð, eykst gjaldið um 25 aura eða 75 aura fyrir hver 100 orð og þau, sem þar eru fram yfir. Gjaldið telst sjerstakt fyrir hvert endurrit eptir þeim orðafjölda, sem það inniheldur.

Þegar símskeytið á að fara til margra á sama stað, þá er einungis þess manns nafn og heimili, er fær það endurrit, sett á það, nema sendandi með athugasemd við sjálfa kveðjuna hafi heimtað hið gagnstæða.

Fyrir símskeyti til eins og sama manns á ýmsum stöðvum skal greiða eins og fyrir jafnmörg sjerstök símskeyti. Því að eins, að sendistöðin veiti beint samþykki sitt, má eptir tilvísun hennar leyfa, að slík símskeyti sjeu aðeins einrituð.

49. gr.

**Blaða-
símskeyti.**

Blaðasímskeyti eru þau skeyti, sem send eru blöðum eða símskeyta-skrifstofum, og sem í heild sinni eru ætluð til birtingar, án þess að hafa auglýsingar inni að halda. Þau skulu af sendanda vera einkennd sem blaða-símskeyti á þann hátt, að hann ritar = Z = fyrir framan nafnkveðjuna. Auk þess á sendandi að votta það neðst á símskeytinu, að það í heild sinni sje ætlað til birtingar í blöðum.

Gjald fyrir slík blaðasímskeyti eru 5 aurar fyrir hvert orð, þó minnst 1 króna fyrir hvert símskeyti.

Gegn þessu gjaldi þreföldu verða blaðasímskeyti afgreidd á undan venjulegum einkasímskeytum, en jafnan standa þau á baki hraðsímaseytingum. Hraðblaðaskeyti skulu táknuð með = ZD =.

Ef símskeyti eru afhent til sendingar sem blaðasímskeyti, en fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem ákveðin eru um blaðasímskeyti, þá skulu þau í heild sinni teljast gjaldskyld eins og almenn símskeyti og afgreiddast svo; þó má blaðasímskeyti hafa inni að halda stutta athugasemd, sem snertir sjálft skeytið, og ekki er yfir 3 orð, einsog t. d. »meira síðar« eða þessháttar. Slík athugasemd sem þessi, sem ekki er ætluð til birtingar, má einungis standa í niðurlagi símskeytis.

Ritsímastöðvarnar geta heimtað af viðtakanda blaðasímskeyta, að hann sanni, að skeyti þessi í heild sinni sjeu birt, með því að senda viðtökustöðinni það blað, sem skeytin standa í, svo opt sem landssímastjórnin kann að æskja þess.

Ef símskeyti annaðhvort alls eigi eða þá ekki nema að nokkru leyti eru tekin upp í frjettablöð, þá er sendandi skyldur til þess samkvæmt kröfu landssímastjórnarinnar, að greiða fullt gjald einsog fyrir einkaskeyti.

Landssímastjórnin getur neitað að flytja símskeyti fyrir þá menn, er hafa neitað að greiða slíka eptirborgun, og fyrir þá viðtakendur, sem ekki uppfylla þær skyldur að sanna, að blaðasímskeytin sjeu tekin upp í almenn frjettablöð.

Ef ástæða þykir til, getur landssímastjórnin heimtað af blaðaritstjórn eða símskeytaskrifstofum, að gefa upp nafn og bústað fregnrita sinna; sje það gjört, geta þeir einir átt kost á að senda blaðasímskeyti til þeirra blada og símskeytaskrifstofa.

50. gr.

Á kaupstaðar- og kaupúnastöðvum er tekið á móti til afgreiðslu innanbæjarsímskeytum fyrir helming hins almenna ritsímagjalds.

Símskeyti þessi geta haft áritanirnar = D =, = RP =, = RPD =, = RO = og = MP =, en engar aðrar af þeim táknum, sem taldar eru upp í 11. gr.

Innanbæjarskeyti skulu í þjónustunafni einkennd með »Lt«, og er það eigi talið með til að ákveða orðafjöldann.

149

29. des.

X.

Leiðrjettingar.

51. gr.

**Leiðrjettingar-
simskeyti.**

Sendandi og viðtakandi simskeytis geta heimtað, að fengnar verði með borguðum þjónustuskeytum milli hlutaðeigandi stöðva upplýsingar, eða gefnar verði fyrirskipanir um afgreidd simskeyti, eða skeyti, sem verið er að afgreiða. Ennfremur geta þeir, til þess þannig að koma leiðrjettingum að, látið endurtaka simskeytið að öllu eða nokkru. Slik þjónustuskeyti eru þó því aðeins afgreidd, að bæði sendandi og viðtakandi gjöri nægilega grein fyrir sjer. Gjald fyrir þau er hið sama og fyrir almenn simskeyti, og sje krafizt svars, verður beiðandi einnig að borga það.

XI.

Um skjalageymslu.

52. gr.

**Um skjala-
geymslu.**

Frumrit simskeyta og skjöl, snertandi þau, sem landssímastjórnin heldur eptir, skulu geymd að minnsta kosti í 8 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem er næst á eptir sendingarmánuði.

53. gr.

**Upplýsingar.
Endurrit.
Útlán á frum-
simskeytum.**

Þegar sendandi eða viðtakandi simskeytis hefir gjört fullnægjandi grein fyrir sjer, má láta þeim eða umboðsmönnum þeirra í tje innihald frumsimskeyta þeirra eða afrita af þeim, sem fyrir hendi eru.

Hver þeirra hefir þar að auki rjett til gegn borgun að fá staðfest endurrit af frumsimskeytinu eða afgreidslunni til viðtakanda, svo framarlega sem símastjórnin hefir þessi skjöl eða endurrit af þeim í vörzlum sínum. Þessi rjettur hverfur um leið og geymslutímabilið er úti.

Landssímastjórnin er ekki skyld til þess að gefa skýrslu um eða afhenda endurrit af framangreindum skjölum, nema sendandi, viðtakandi, eða umboðsmaður þeirra komi fram með þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar, til þess að geta fundið umrædd simskeyti.

Fyrir skriflega skýrslu um innihald símskeytis eða fyrir staðfest endurrit, skal greiða 25 aura. Ef símskeytið er meira en 100 orð, hækkar gjaldið fyrir endurrit um 25 aura fyrir hver 100 orð, eða færri.

149
29. des.

XII.

Um endurgreiðslu gjalda.

54. gr.

Innheimt ákvæðisgjöld eru endurgöldin þeim, sem þau hefir borgað, eptir beiðni eða kæru út af afgreiðslunni, samkvæmt eptirfarandi reglum:

**Endurgreiðsla
gjalda.**

- a. Allt gjaldið fyrir þau símskeyti, sem af völdum simastarfsmanna komast ekki til viðtakanda.
- b. Allt gjaldið fyrir sjerhvært símskeyti, sem stöðvast á leiðinni af símslitum, er sendandi af þeirri ástæðu hefir heimtað símskeytið ónýtt.
- c. Allt gjaldið fyrir hvert það skeyti, sem af völdum símaþjóna kemur síðar til skila, en ef það hefði verið sent með pósti. Í þessum tíma telst þó ekki sá tími, er stöðvar eru lokaðar, nje sá tími, sem gengur til þess að koma skeyti til skila fyrir utan umburðar-svæði.
- d. Allt gjald fyrir hvert samanborið símskeyti eða fyrir hvert símskeyti á venjulega glöggu máli, sem sökum annmarka við afgreiðsluna augljóslega hafa eigi getað náð tilgangi sínum, svo framarlega sem annmarkarnir hafa eigi verið leiðrjettir með gjaldskyldu þjónustuskeyti.
- e. Allt aukagjaldið fyrir sjerstaka afgreiðslu, sem ekki hefir verið innt af hendi.
- f. Allt gjaldið fyrir hvert gjaldskyld þjónustuskeyti, sem sent hefir verið vegna ágalla við afgreiðsluna.
- g. Allt gjaldið fyrir fyrirframborgað svar, ef viðtakandi hefir ekki getað notað svarsskirteinið, eða hefir hliðrað sjer hjá því að taka við því, og það annaðhvort liggur á þeirri stöð eða hefir verið afhent á þá stöð, sem gaf það út, enda sje gjaldsins krafizt innan þriggja mánaða frá þeim degi, er skirteinið var út gefið.

149
29. des.

- h. Greidd gjöld fyrir gjaldskyld þjónustuskeyti, þess innihalds að fá endurtekin eitt eða fleiri orð, sem talin eru röng, og fyrir svör upp á slið þjónustuskeyti, ef endurtekningin ekki er samkvæm fyrstu afgreiðslu.
- i. Mismunurinn milli þess gjalds, er svarskirteini hljóðar upp á og gjaldsins fyrir það símskeyti, sem borgað er með svarskirteininu, ef mismunurinn nemur að minnsta kosti 50 aorum (44. gr.).
- j. Gjald fyrir hvert það skeyti, sem er stöðvað samkvæmt því er segir í 1. lið 1. greinar.

Þegar gjald fyrir símskeyti með mörgum staðartilvísunum er að nokkru leyti endurborgað, ákveður sú tala, sem kemur út, þegar öllu gjaldinu er deilt með eptirrita tölunni, hve mikið skal endurgoldið fyrir hvert eptirrit, og er þá símskeytið í þessu efni talið eitt eptirrit.

Þegar svo stendur á, sem segir í liðunum a, b, c og d hjer að framan, getur endurgjald einungis átt við gjöldin fyrir þau skeyti sjálf, sem ekki koma fram, eru ónýtt, tafir eða afbökun, ásamt aukagjaldinu, sem kann að vera ónotað, en á ekki við þau viðskipti, sem hafa sprottið af eða ónýtt við það, að símskeytið kom ekki fram, tafðist eða afbakaðist.

Þegar búið er að leiðrjetta galla þá, sem eru af völdum símastjórnarinnar með gjaldskyldum þjónustuskeytum, er einungis endurborgað gjald það, sem borgað hefir verið fyrir þau skeyti, en ekki fyrir þau símskeyti, er þau snerta.

Ef leiðrjettingarsímskeyti fara beint á milli sendanda og viðtakanda, í stað þess að ganga stöðva á milli sem gjaldskyld þjónustuskeyti, þá fæst gjald það, sem fyrir þau er greitt ekki að neinu leyti endurgoldið.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til símskeyta, sem afgreidd verða með einkatalsímum.

55. gr.

Kröfur.

Krafa um endurborgun á gjöldum verður að koma fram í síðasta lagi innan fimm mánaða frá afhendingu símskeytis á sendistöð, að öðrum kosti fellur krafan niður. Krafan skal stýluð til landssímastjórnarinnar og koma frá sendanda símskeytis.

Ef krafan er byggð á seinni afgreiðslu eða afbökun á innihaldi símskeytis, verður skeytið eins og það er komið í hendur viðtakanda, að fylgja með. Ef kært er yfir því, að símskeyti hafi alls ekki komið fram, verður að sanna það með skriflegri yfirlýsingu frá viðtakanda eða viðtökustöð.

XIII.

*Störf símpjóna utan venjulegs tíma.*149
29. des.

56. gr.

Ef einhver óskar að fá sent símskeyti eða fá símtöl á þeim tíma, **Næturafgreiðsla.** sem stöðin er lokuð, þá getur hann venjulega fengið það, ef þess er beiðzt með nægum fyrirvara, og gegn því að greiða, auk hins venjulega gjalds, sjerstakt gjald, sem rennur til starfsmanna og boðbera á þeim stöðvum, sem haldið er opnum sökum þessarar afgreiðslu.

Aukagjald þetta greiðist fyrirfram með 75 aorum fyrir hverja hálfu klukkustund, talið frá síðustu þjónustutíð þangað til símskeytið er afhent, þegar afhendingartíminn er áður ákveðinn, þannig að 15 mínútur og þar yfir, teljast sem hálfur tími, en undir 15 mínútum telst eigi með. Þetta gjald má þó eigi lægra vera en 1 kr. 50 aur. fyrir hverja stöð, að viðbættum 25 aorum fyrir hverja hálfu stund, talið á sama hátt, og að framan segir, er gengur til boðbera fyrir burð á skeytinu.

Þegar slíkt aukastarf fer fram á stöð af öðrum eða þriðja flokki, og sje afhending símskeytis ákveðin á þeim tíma, er fyrsta flokks stöð er opin, þá skal aðeins telja gjaldið fyrir eina klukkustund. Sje afhendingartími skeytis ekki ákveðinn fyrirfram, telst gjaldið frá því stöðinni var síðast lokað og skal því greiða fyrir allan tímann, sem liggur milli beggja þjónustutímanna.

Símastarfmenn eru ekki skyldir til að biða lengur en 1 klukkustund frá tilteknum afhendingartíma, nema tilkynnt sje, að skeyti verði afhent síðar.

Í stjórnarráði Íslands, 29. desember 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.